



Allsherjar- og menntamálanefnd

Kirkjustræti 12
101 Reykjavík

Dagsetning
Málsnúmer

12. febrúar 2024
DMR23120562

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 (reikningshald Kirkjugarðasjóðs o.fl.)

154. löggjafarþing 2023-2024.

Dómsmálaráðuneytið óskar eftir því við allsherjar- og menntamálanefnd að tekið verði til skoðunar hvort rétt sé að breyta 25. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu en ákvæðið fjallar um rétt fjölskyldumeðlima til þess að taka frá grafarstæði við hlið þess fjölskyldumeðlims sem fellur fyrst frá. Samkvæmt ákvæðinu helst réttur til grafarstæðanna í 50 ár en vill ráðuneytið benda á að í einhverjum tilvikum getur 50 ára réttur til grafarstæða verið of skammur. Leggur ráðuneytið til að ákvæðinu verði breytt á eftirfarandi hátt:

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé eftir því leitað og sérstakar aðstæður eru fyrir hendi skal kirkjugarðsstjórn taka frá grafarstæði til lengri tíma.

Skýring við ákvæðið:

Lagt er til að kirkjugarðsstjórn skuli taka frá grafarstæði til lengri tíma sé eftir því leitað og sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Í einhverjum tilvikum getur 50 ára réttur til grafarstæða ekki verið nægjanlegur. Geta þetta verið tilvik þar sem fjölskyldumeðlimur fellur frá ungur, svo sem ef foreldrar missa barn sitt ungt að aldri.

Fyrir hönd ráðherra


Haukur Guðmundsson


Berglind Bára Sigurjónsdóttir